

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr.
 - a. 1. efnismgr. orðist svo:
Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári samkvæmt Landskrá fasteigna, sbr. þó 4. mgr. 4. gr. og 5. gr.
 - b. Í stað orðsins „heilbrigðislögum“ í b-lið 3. efnismgr. komi: lögum um heilbrigðisþjónustu.
2. Við 3. gr. 2. og 3. másl. 4. efnismgr. orðist svo: Fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðamótum eftir að þau eru skráð og metin í Landskrá fasteigna í samræmi við upplýsingar sem Fasteignamat ríkisins lætur sveitarstjórnnum í té. Fasteignaskattur fellur niður næstu mánaðamót eftir að mannvirki er afskráð í Landskrá fasteigna.
3. Við 4. gr. Á eftir orðinu „menningar-“ í 2. efnismgr. komi: íþrótta-.
4. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Í stað orðanna „1. desember“ í 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: 31. desember.